T PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288


Fasteignasala
Í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalögfræðingur
S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is

29. tbl. 36. árg. 4. sept. 2024

VELKOMIN Á

# KYNNINGARFUND

UM

ATVINNUUPPBYGGINGU Á TRÖLLASKAGA





**Róbert Guðfinnsson**
„Sveltur sitjandi kráka"

**Elliði Vignisson**
„Verðmætasköpun er forsenda velferðar"

**Vigdís Häsler**
„Með byr undir báða"

**FÖSTUDAGINN 6. SEPTEMBER KL. 17.00**
MENNINGARHÚSIÐ TJARNARBORG ÓLAFSFIRÐI

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

VINNA

# HSN Fjallabyggð óskar eftir starfsmanni í eldhús

## 79% starf og unnið aðra hvora helgi.

**Þarf að geta hafið störf sem fyrst (eða eftir samkomulagi).**

**Upplýsingar gefur Sigurður yfirhjúkrunarfræðingur í s: 432-3000 eða sigurdur.johannesson@hsn.is**

***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

Fjallabyggð

# Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

## Borhola í Ólafsfirði – nýr landnotkunarreitur

Bæjarráð Fjallabyggðar f.h. bæjarstjórnar samþykkti 30. ágúst 2024 að heimila Norðurorku borun nýrrar vinnsluholu á Ósbrekkusvæðinu sunnan Ólafsfjarðar vegna niðurdráttar í núverandi vinnsluholum. Með nýrri vinnsluholu ætti hitaveituþörf þéttbýlisins að vera fullnægt.

Framkvæmdaleyfið kallar á óverulega breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Núverandi holur á svæðinu eru merktar inn á skipulagsuppdrátt með punkti nr. 138 I en ný hola er norðaustan við núverandi holur og fær merkinguna 169 I.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til tæknideildar Fjallabyggðar.

**Íris Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi.**

Fjallabyggð

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

## ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG / EÐA ERINDI

**Þeir íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Fjallabyggð** sem vilja koma á framfæri, ábendingum, erindum eða tillögum er varðar fjárhagsáætlun 2025 geta sent þær rafrænt á heimsíðu Fjallabyggðar "Þjónustugátt"

## STYRKIR EÐA FRAMLÖG

**Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki úr bæjarsjóði árið 2025.**

Tekið er við umsóknum í eftirfarandi flokkum:

Styrkir til greiðslu fasteignaskatts (félög/félagasamtök)
Styrkir til menningarmála
Styrkir til fræðslumála
Styrkir til reksturs safna og setra
Styrkir til hátíða og stærri viðburða

Alla jafnan eru styrkir ekki veittir á öðrum tímum.

**Umsóknarfrestur er til miðnættis þriðjudaginn 24. september 2024.**
Einungis er hægt að sækja um rafrænt á www.fjallabyggd.is - Þjónustugátt.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér reglur Fjallabyggðar um úthlutun styrkja sem finna má á heimasíðu Fjallabyggðar.

Fjallabyggð, 3. september 2024
Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri.

Fjallabyggð

# Auglýsing um skipulag í Fjallabyggð

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

### Flæðar Ólafsfirði

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 27. júní sl. að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er unnin samhliða breytingu deiliskipulags Flæða í Ólafsfirði með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreyttari húsagerðir á svæðinu en gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi, þar sem aðeins var gert ráð fyrir einbýlishúsalóðum.

Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni: skipulagsgatt.is/issues/2024/420

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flæða í Ólafsfirði

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 27. júní 2024 að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulags Flæða skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sú breyting er gerð að í stað fjögurra lóða fyrir einbýlishús við Ægisbyggð 7 og Mararbyggð 14, 16 og 18, verða á svæðinu þrjár lóðir fyrir parhús á einni hæð ásamt sambyggðum bílgeymslum. Einnig er bætt við lóð fyrir fimm íbúða raðhús ásamt sambyggðum bílgeymslum á óbyggðu svæði/útivistarsvæði sunnan raðhúsalóða við Bylgjubyggð 13-25 og 27-35.

Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni: skipulagsgatt.is/issues/2024/421

---

Tillögur að breytingu aðalskipulags og deiliskipulags liggja frammi á upplýsingatöflu á 3. hæð Ráðhúss Fjallabyggðar við Gránugötu 24 á Siglufirði og á bókasafni Fjallabyggðar við Bylgjubyggð 2B í Ólafsfirði og á nýjum vef Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is

**Frestur til að skila inn athugasemdum er frá 19. ágúst til og með 4. október 2024.** Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt í gegnum skipulagsgátt. Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum í gegnum netfangið: **iris@fjallabyggd.is** eða hjá skipulagsfulltrúa í síma 464-9100.

**Skipulagsfulltrúi Fjallabyggðar**


## STAÐNÁMSKEIÐ - HAUSTIÐ 2024
Dalvík & Fjallabyggð

SÍMEY

### Eldað í Airfryer
• DALVÍK **25. SEPT.**
• ÓLAFSFIRÐI **26. SEPT.**

Leiðbeinandi:
**Ásta Búadóttir,**
kennari og matreiðslumeistari



### Lærðu á símann
Snjalltækjanámskeið
• SIGLUFJÖRÐUR **1. OKT.**
• DALVÍK **2. OKT.**

Leiðbeinandi:
**Snæbjörn Sigurðarson,**
tæknikennari



### Matur frá Marokkó
• DALVÍK **7. OKT.**
• ÓLAFSFJÖRÐUR **9. OKT.**

Leiðbeinandi:
**Þórhildur Jónsdóttir,**
matreiðslumeistari



### Konfektnámskeið fyrir jólin
• DALVÍK **31. OKT.**
• ÓLAFSFJÖRÐUR **1. NÓV.**

Leiðbeinandi:
**Hrafnhildur Skaptadóttir,**
eigandi blómabúðar Sauðárkróks



### Kleinur & soðiðbrauð
• DALVÍK **6. NÓV.**
• ÓLAFSFJÖRÐUR **7. NÓV.**

Leiðbeinandi:
**Ásta Búadóttir,**
kennari og matreiðslumeistari



### Þinn eigin jólakrans
• DALVÍK **20. NÓV.**
• SIGLUFJÖRÐUR **21. NÓV.**

Leiðbeinandi:
**Alma Lilja Ævarsdóttir,**
blómahönnuður



**FRÍTT FYRIR FÉLAGSMENN:**

EINING-IÐJA · KJÖLUR Stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu · SAMEYKI · IÐAN Fræðslusetur

Ath. að námskeiðin eru öllum opin og minnum við aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.

SKRÁNING Á **SIMEY.IS**

Fjallabyggð

# Skipulagslýsing – upphaf vinnu við deiliskipulag nýs kirkjugarðs við Brimnes í Ólafsfirði

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leitar ábendinga á fyrirhuguðu deiliskipulagsverkefni fyrir kirkjugarð við Brimnes í Ólafsfirði. Í skipulagslýsingu, sem gefin er út af Kanon arkitektum fyrir Fjallabyggð, koma fram upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Tilgangur með útgáfu lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum.

Helsta viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði fyrir framtíðar grafreiti Ólafsfirðinga. Núverandi kirkjugarður við Aðalgötu er nánast fullnýttur og tækifæri til stækkunar á því svæði ekki metin hagfelld. Deiliskipulagið kallar á breytingu Aðalskipulags Fjallabyggðar 2020-2032.

Skipulagslýsingin sem er sett fram í greinargerð er til sýnis á tæknideild, í Ráðhúsi Fjallabyggðar í bókasafni Fjallabyggðar við Bylgjubyggð 2b í Ólafsfirði og á heimasíðu sveitarfélagsins.
**www.fjallabyggd.is**

Íbúum og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á því að senda inn ábendingar varðandi viðfangsefni og markmið skipulagsins. Ábendingum skal skila skriflega á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir fyrir lok 4. október nk.:

Slóð inn á skipulagsgátt: **skipulagsgatt.is/issues/2024/989**

**Skipulagsfulltrúi**

---

Tannklínikin

**Sella tannlæknar heitir nú Tannklínikin**

Sami staður, sömu tannlæknar,
sama góða þjónustan,
bara nýtt nafn og nýir eigendur.

Símanúmerin eru einnig þau sömu.

**Allir bókaðir tímar hjá Sellu haldast óbreyttir.**

Hlökkum til að taka á móti ykkur.

Aron og Davíð Fannar

Við erum að leita af starfsmanni til að vinna með okkur á Siglufirði

60-100% starfshlutfall unnið á miðvikudögum og fimmtudögum

Umsóknir og frekari upplýsingar
**skrifstofa@tannklinikin.is**

Hofsbót 4, 3 hæð, Akureyri
Grundargata 5b, Siglufjörður

462-6323 Akureyri
467-1116 Siglufjörður
893-5764 Neyðarsími
utan vinnutíma, ath ekki neyðarvakt

mottaka@tannklinikin.is

---

PÓSTURINN

# Bréfberi í Ólafsfirði

Pósturinn leitar að bréfbera í tímavinnu við útburð í Ólafsfirði.
Í boði er sveigjanlegur vinnutími sem hentar vel skólafólki.

**Hæfnikröfur**
- Bílpróf kostur
- Rík þjónustulund
- Stundvísi og samviskusemi
- Jákvæðni

Sæktu um hér!

Umsóknarfrestur er til og með ***9. september 2024***
og sótt er um starfið á ***www.posturinn.is/atvinna***

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lilja Gísladóttir,
rekstrarstjóri á Akureyri, í tölvupósti ***liljag@postur.is***




KÆRU ÍBÚAR
FJALLABYGGÐAR

VIÐ ÞÖKKUM KÆRLEGA FYRIR
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á

*Síldarkaffi*

VIÐ VERÐUM MEÐ OPIÐ
12:00 - 17:00 ALLA DAGA
Í SEPTEMBER

*Verið hjartanlega velkomin!*





***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

# GLAUMBÆR MIX

## MINI MARKET - VERSLUN

Kirkjuvegur 18 Ólafsfjörður s: 790-3706

**Opið** - OPEN - NON STOP - ALLA DAGA - **24/7**